

38. aðalfundur Landssambands smábátæigenda

Tillögur til fundarins frá svæðisfélögum

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| <i>Farsæll</i> | 2 |
| <i>Árborg</i> | 2 |
| <i>Snæfell</i> | 4 |
| <i>Strandveiðifélagið Krókur</i> | 5 |
| <i>Elding</i> | 6 |
| <i>Skalli</i> | 7 |
| <i>Drangey – smábátafélag Skagafjarðar</i> | 7 |
| <i>Fontur</i> | 8 |
| <i>Félag smábátæigenda á Austurlandi</i> | 9 |
| <i>Smábátafélag Reykjavíkur</i> | 9 |
| <i>Reykjanes</i> | 10 |
| <i>Smábátafélagið Strandir</i> | 11 |
| <i>Klettur</i> | 12 |
| <i>Báran</i> | 12 |
| <i>Sæljón</i> | 13 |

Farsæll

- Óheimilt verði að nota flottroll við veiðar á loðnu.
- Mælingar Hafrannsóknastofnunar á fiskistofnum verði endurskoðaðar.
- Fiskveiðiár smábáta verði almanaksárið.
- Farsæll mótmælir eftirliti Fiskistofu þar sem notaðir eru drónar
- Opnað verði fyrir handfæraveiðar við og í kringum sæstrenginn til Eyja
- Fest verði í lög að strandveiðileyfi hafi að lágmarki 48 róðrardaga.
- Farsæll krefst þess að mönnum verði gefinn kostur á að byrja 1. mars á D svæði og styður önnur svæði varðandi lengingu inn í haustið.
- Farsæll vill leggja af byggðakvóta í núverandi mynd og að nýting hans verði tengd löndun dagróðrabáta (löndunarívilnun).
- Farsæll krefst þess að þeir sem það kjósa geti áfram notað afladagbók. Þá krefst fundurinn þess að notkun afladagbókar-apps verði gjaldfrjáls.

Árborg

- Umhverfi – handfæraveiðar njóti ívilnunar.

Áríðandi er, að teknu tilliti þess samfélags sem við byggjum og loftlagsmarkmiða stjórnvalda, að viðurkennt verði að veiðar með handfærum séu vistvænni en aðrar veiðar sem stundaðar eru hér við land. Jafnt og eigendur tvinn bíla eiga handfæraveiðar að njóta ívilnunar.

Greinargerð: Veiðarnar eru stundaðar á tvinn bátum, þ.e. þeir hafa tvær aflrásir, önnur sem nýtir jarðefnaeldsneyti til keyrslu að og frá veiðistað og hin sem knúin er af orku frá rafgeymum sem nýtt er til veiða. Rafgeymar eru svo hlaðnir á keyrslu og með landrafmagni.

- Handfæraveiðar smábáta verði gefnar frjálssar og verði undanþegnar hrygningarstoppi.
- Strandveiðar.

Þar til handfæraveiðar verða gerðar frjálssar skal efla og styrkja strandveiðikerfið á eftirfarandi hátt:

- a. landið verði eitt veiðisvæði
- b. veiðitímabilið verði frá 1. apríl til 30. september
- c. hverjum báti verði tryggðir 48 veiðidagar
- d. heimild Fiskistofu um stöðvun strandveiða verði numin úr gildi

- e. tekin verði upp heimild til pörunar á umframafla, þannig að hægt verði að jafna það sem umfram í einum róðri í næsta róðri. Heimild þessi nái til 100 kg. af óslægðum þorski.
- f. sekt fyrir umframafla verði hækkuð það mikið að enginn geti hagnast á því að landa umframafla
- g. heimildir strandveiðibáta til löndunar í VS sjóð verði í samræmi við aðrar veiðar.

Greinargerð: Möguleiki er að gengið verði að kröfum um svæðaskiptan kvóta. Krafan er byggð á því að þorskgengd á þeirra svæðum sé þegar liðið er á strandveiðitímabilið. Verði það veruleikinn er óhjákvæmilegt að taka tillit til annarra strandveiðimanna. Alkunna er að þorskgengd við Suðurland er aðallega frá mars og rétt fram í júní. Ef tekið er tillit til þorskgengdar á einu svæði en ekki öðrum skapar það lýðræðis halla sem aldrei verður sátt um. Fá strandveiðar að byrja í apríl verða handfæraveiðar að vera undanþegnar hrygningarstoppi.

Umframafli hefur verið of mikill og svo virðist sem einstaka aðilar stundi það vísitandi, en þeir geta í sumum tilfellum hagnast á því. Hagnaðurinn rennur samt að mestu leiti til Fiskistofu og skaðinn lendir á öllum strandveiðimönnum.

Staðan sem nú er að strandveiðar, einar veiða, fá ekki rétt til löndunar VS afla bíður heim hættu á brottkasti. Fengju strandveiðar VS heimildir gæti Fiskistofa sleppt dróna eftirlit með strandveiðiflotanum og kannski fundið það út að nauðsyn væri á að hafa eftirlit með öðrum veiðum.

- Byggðamál

Úthlutun byggðakvóta í núverandi mynd verði hætt. Öllum kvóta sem nú er úthlutað, sem byggðakvóta, verði ráðstafað til strandveiða. Ekkert annað fyrirkomulag getur uppfyllt þær væntingar sem gerðar eru til þess að veita hinum dreifðu byggðum stuðning.

Greinargerð: Liðin ár hafa úthlutanir byggðakvóti þróast þannig að hagur af kerfinu lendir að mestu leiti hjá stærri útgerðum. Hagur hinna dreifðu byggða er í flestum tilfellum óverulegur. Verði byggðakvótinn settur í strandveiðipottinn þá dreifist hann um allt land og kemur til hags fyrir mun fleiri byggðarlög en nú er.

- Þáttur Hafrannsóknastofnunar við fiskveiðistjórnun

Tilraunir Hafrannsóknastofnunar með uppbyggingu þorskstofnsins hefur staðið yfir í 40 ár. Heitstrengingar í upphafi gengu út að ef farið yrði að tillögum þeirra myndi afraksturinn verða 400 til 500 þúsund tonna jafnstöðuaflí. Tillögum þeirra hefur verið fylgt að fullu öll þessi ár. Árangurinn er að þjóðin fær nú helminginn af því sem lofað var, við erum enn um miðja deild.

Ekki verður lengur unað við þessa niðurstöðu án umræðu og útskýringa þeirra aðila sem ábyrgð bera. Til þessa hefur Hafró komist upp með að drepa alla umræðu um þessi mál með þögninni og með því að útmála þá sem hafa andmælt sem ómarktæka.

Stjórn LS verður að leita allra ráða til að koma á umræðu um að aðferðafræði Hafrannsóknastofnunarinnar verði endurskoðuð frá grunni. Ennfremur verði beitt öllum þrýstingi sem mögulegur er á ráðherra og stjórnáamenn að skapa grundvöll fyrir samkeppni í hafrannsóknunum.

- Vigtun / endurvigtun

Árborg krefst þess að allur afli sé endanlega vigtaður á hafnarvog í löndunarhöfn nema þegar landað er á fiskmarkað þar sem fiskur er flokkaður og vigtaður af löggiltum hafnarvigtarmanni.

Snæfell

Strandveiðar

- Aðalfundur Snæfells krefst þess að hver bátur fái heimild til að veiða 48 daga á strandveiðum ár hvert. Hverjum bát verði heimilt að róa að hámarki 12 daga í mánuði frá 1. Maí til 31. Ágúst. Hámarksafli á dag verði óbreyttur.
- Koma þarf í veg fyrir að sami útgerðaraðili/eigandi geti verið með fleiri en einn bát í einu á strandveiðum.
- Hækka ætti sekt við umframafli í fimmfalt meðalverð á markaði á hvert kíló umfram 800kg af þorski.
- Aðalfundur Snæfells krefst þess að leyfilegt verði að koma með allan meðafli á strandveiðum að landi.

Grásleppumál

- Aðalfundur Snæfells samþykkir að eftirfarandi breytingar verði gerðar á skipulagi grásleppuveiða: Bátar eigi kost á að taka upp net í brælutíð án þess að dagafjöldi þeirra til veiða verði skertur og heimilt verði að hafa tvö grásleppuleyfi á bát.
- Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega þeirri aðferðafræði sem hefur verið viðhöfð við útreikninga á meðafli í grásleppunet. Það er að segja uppreikning á fugli og sel úr veiðieftirlitsferðum Fiskistofu.
- Leyfilegur netafjöldi taki mið af fjölda möskva. Hætt verði að mið við teinalengd og tekin upp fermetrafjöldaviðmið. Afar breytilegt er eftir landshlutum hvað notuð eru djúp net. Í Breiðafirði eru net lögð á mjög grunnu vatni, frá 2 – 10 föðmum en fyrir norðan og austan mun dýpra. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega þeirri aðferðafræði sem hefur verið viðhöfð við útreikninga á meðafli í grásleppunet. Það er að segja uppreikning á fugli og sel úr veiðieftirlitsferðum Fiskistofu.

Línuívilnun

- Aðalfundur Snæfells skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta ákvæði laga um línuívilnun þannig að hún gildi fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn og styttri en 15 metrar. Verði 30% við landbeitningu, 20% við uppstokkun og 10% fyrir vélabáta.

Makrill

- Aðalfundur Snæfells krefst frjálsra færaveiða smábáta á makríl.

Byggðakvóti

- Aðalfundur Snæfells leggur til að byggðakvóta verði úthlutað sem ívilnun við löndun gildir fyrir línu og handfærabáta undir 30 bt og meira sett í strandveiðar með þessu nýttast heimildirnar hinum dreifðu byggðum á gegnsæan hátt.

Önnur mál

- Aðalfundur Snæfells krefst þess að ekki verði opnað fyrir dragnótar og netaveiðar fyrir innla línu sem dregin er úr selskeri í selsker á Breiðafirði.
- Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega öllum hugmyndum um lokun svæða fyrir handfæraveiðum eins og fram koma í skýrslu starfshóps um „faglega“ endurskoðun varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæða á Íslandsmiðum. Aðalfundur Snæfells telur að ekki skuli beita reglugerðarlokunum eða skyndilokunum á handfæraveiðar heldur beita sektum eða veiðileyfis sviptingu á þá aðila sem fara ekki að settum reglum.
- Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að fella niður sérstakt gjald (svokallaðan bryggjuskatt) á virkjun veiðileyfa við strandveiðar.
- Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu þara úr firðinum, og hvaða áhrif hún hafi á lífríki Breiðafjarðar og viðgang fiskiseiða.
- Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að hætta við lokun útibús Hafrannsóknarstofnunar í Ólafsvík.
- Aðalfundur Snæfells lýsir yfir stuðningi við aflamarkskerfið.
- Snæfell lýsir stórum áhyggjum vegna þess að búið er að heimila þorskanetaveiða með 10 tommu möskva og farið er að nota mun dýpri net en áður var.
- Snæfell óskar eftir að heimilt verði að koma með lúðu að landi á línu og handfæraveiðum.

Strandveiðifélagið Krókur

- Í ljósi sögunnar. Það hefur aldrei verið betri grásleppugengd vítt og breytt um landið. Strandveiðifélagið Krókur fer þess á leit við ráðamenn þjóðarinnar að á sjómenn verði hlustað. Félagið ítrekar að óheimilt verði að nota flottroll við veiðar á loðnu.
- Strandveiðifélagið Krókur fer þess á leit við hstv. matvælaráðherra að hann beiti sér fyrir eftirfarandi breytingum á lögum um stjórn fiskveiða:
 - a. Fiskveiðiár krókaflamarksbáta verði almanaksárið.

Það hefur sýnt sig að tilfærsla áramóta hentar illa fyrir smábátaútgerðina þar sem þann 1. september eru margir einyrkjar enn í fullri vinnu.

- b. Með aflamarki sem flutt er til báts fylgi réttur til að flytja 15% yfir á næsta fiskveiðiár.
- Strandveiðifélagið Krókur telur að innan strandveiðikerfisins sé nauðsynlegt að jafna aðstöðu milli hraðfiskibáta og þeirra sem hæggengari eru. Bendir félagið á að tímamörk hjá strandveiði bátum með lítinn ganghraða verði 18 klst og sé stýrimaður einnig lögskráður séu tímamörk 24 klst.
 - Strandveiðifélagið Krókur beinir því til Fiskistofu að sinna betur lögboðnu eftirliti sínu varðandi eignarhald strandveiðibáta, sbr.: „*einungis er heimilt að veita hverri útgerð, eiganda, einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða eitt fiskiskip. Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á skipið.*“
 - Hlutast verði til um að afnema álag á löndunargjald vegna afla sem er undir 1 tonni. (FMS rúkkar 3,90 kr af strandveiðibátum, 2,85 kr yfir 1 tonn skv. verðskrá).

Elding

- Aflamark innan 5,3% pottsins verði úthlutað með sambærilegum hætti og gert er við viðbótarheimildir í makríl og gert var með skötusel. Settar verði reglur sem verði með hámarki á hvern aðila.
- Elding krefst þess að sömu reglur gildi um karfa og ufsa við strandveiðar.
- Elding krefst þess að við strandveiðar gildi sömu reglur um VS afla á þorski og gildir um aflamark.
- Elding krefst þess að festir verði 48 dagar við strandveiðar.
- Elding styður að línuvílun verði sett á alla báta sem eru undir 30 tonnum og styttri en 15 metrar.
- Elding krefst þess að flotvörpuveiðar við loðnuveiðar verði tafarlaust bannaðar. Það hefur sýnt sig í aukningu grásleppuafla að þetta veiðafæri skaðar aðrar fisktegundir.
- Elding fer þess á leit að LS óski eftir tilboðum í tryggingar til handa félagsmönnum.
- Eldingar fer þess á leit að LS óski eftir tilboðum í skoðun á skoðunarskyldum búnaði á smábátum.

- Elding beinir því til aðalfundar LS að staðið verði vörð um þau réttindi sem smábátasjómenn hafa í dag og komi í veg fyrir hvers konar hugmyndir um stýrimann á dagróðrabátum sem eru undir 30 tonnum og 15 metrum.
- Elding vill óbreytta stjórnun á grásleppuveiðum og hafnar hvers konar hugmyndum um kvótasetningu.
- Elding gerir kröfu um að öll reiknilíkön sem Hafrannsóknastofnun notar til ákvörðunar um heildarafla verði rannsökuð af óháðri nefnd sem í muni sitja fiskifræðingar sem ekki starfa hjá Hafró, auk sjómanna. Áhyggjuefni er að himinn og haf er á milli upplifunar sjómanna til dæmis á stöðu þorsstofnsins og það sem Hafró leggur til að megi veiða.
- Elding styður áframhaldandi hvalveiðar við Ísland.

Skalli

- Lagt til að menn ávinni sér geymslurétt á kvóta með veiðireynslu.
- Framsal veiðiheimilda fari í gegnum markað sem stjórnað er af opinberum aðilum.
- Dagróðrabátar verði undanþegnir því að halda afladagbók.
- Áfram verði barist fyrir 48 dögum til strandveiða.
- Félagið er á móti kvótasetningu á grásleppu.
- Vinnuaðferðir Hafrannsóknastofnunar verði teknar til skoðuna.

Drangey – smábátafélag Skagafjarðar

- Aðalfundur Drangeyjar – smábátafélags Skagafjarðar ítrekar með vísan til fyrri samþykka félagsins og sveitarstjórnar Skagafjarðar kröfu um að dragnótaveiðar á Skagafirði verði nú þegar takmarkaðar í samræmi við fyrra fyrirkomulag veiðanna á firðinum, þ.e. að svæðinu innan línu úr Ásnefi í vestri í Þórðarhöfða/Kögur í austri verði lokað fyrir veiðum með dragnót.
- Aðalfundur Drangeyjar - smábátafélags Skagafjarðar mótmælir harðlega stöðvun strandveiða 21. júlí 2022. Skorar félagið á stjórnvöld að tryggja með lögum að þessar veiðar verði undanbragðalaust leyfðar í 12 veiðidaga á mánuði í fjóra valkvæða mánuði á tímabilinu frá apríl til september.

- Aðalfundur Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar leggur til að byggðakvóta verði einungis úthlutað til dagróðrabáta sem eru minni en 30 brt. Þá verði allt að 10 tonn eyrnamerkt til þeirra útgerða sem átt hafa heimilisfesti í byggðarlaginu a.m.k. þrjú síðastliðin ár. Loks verði aldrei meira en 20% af byggðakvóta á Sauðárkróki úthlutað til hvers útgerðarfyrirtækis.
- Aðalfundur Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar telur ljóst að vísindalegar forsendur veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunar, t.d. í þorski, grásleppu og fleiri tegundum hafa engan veginn staðist og skýringar stofnunarinnar ótrúverðugar og án viðunandi rökstuðnings. Skorar félagið á Alþingi að beita sér sem fyrir því að úttekt verði gerð á stofnstærðarmati og veiðiráðgjöf stofnunarinnar.
- Aðalfundur Drangeyjar - smábátafélags Skagafjarðar skorar á stjórnvöld að endurskoða heimildir til veiða með dragnót upp í fjörur víða um land. Þá mótmælir fundurinn öllum hugmyndum um auknar togveiðar nær landi en nú er.
- Aðalfundur Drangeyjar-smábátafélag Skagafjarðar krefst þess að flotvörpuveiðum á Íslands- miðum verði tafarlaust hætt enda kemur mikið af grásleppuseiðum og öðrum fisktegundum í veiðarfærið sem meðafli.
- Með vísan til minni losunar kolefnis, leggur aðalfundur Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar til að heimilt verði að veiða allt að 1.548 kg af ósl. þorski í einni strandveiðiferð enda fari hún ekki yfir 28 klst. og teljist þá tveir veiðidagar.

Fontur

- „Aðalfundur Fonts styður heilshugar við framkomnar hugmyndir matvælaráðherra um að svæðaskipta því aflamarki sem ætlað er til strandveiða í réttu hlutfalli við útgefin strandveiðileyfi á hverju svæði. Með því er hvergi verið að hvika frá kröfu um 48 strandveiðidaga en þar til því takmarki er náð teljum við nauðsynlegt að jafna afkomumöguleika smábátaeigenda óháð búsetu.“
- „Aðalfundur Fonts telur að grunnforsenda þess að markmið um 48 strandveiðidaga náist sé að skerpa verulega á reglum um eignarhald á strandveiðibátum frá því sem nú er, svo stöðva megi þá óheillavænlegu þróun sem hefur orðið í fjölgun leiguliða og því að einstaka fyrirtæki geri út marga báta á strandveiði með gervieignaraðild.“
- „Aðalfundur Fonts leggst gegn öllum breytingum á veiðistjórnun grásleppu sem myndu torvela nýliðun. Ennfremur teljum við nauðsynlegt að við ákvörðun heildarafla grásleppu sé tekið mið af markaðsaðstæðum á hverjum tíma en ekki eingöngu sveiflukennu og vafasömu stofnstærðarmati Hafró.“

- „Í ljósi þess að leiguverð á þorski er komið langt upp fyrir mögulegt söluverð á grásleppuþorski á markaði förum við fram á að VS aflaheimild verði hækkuð umtalsvert við grásleppuveiðar.“

Félag smábátæigenda á Austurlandi

Strandveiðar

- Að aftur verði horfið til upprunalegs fyrirkomulags strandveiða í þorski. Að tryggt sé að það aflamagn sem ætlað er til strandveiða verði ekki veitt upp á öðrum strandveiðisvæðum, áður en fiskur gengur á veiðisvæði C.
- Fundurinn leggur til víðtækar lokanir fyrir togveiðum á grunnslóð og varar við þeirri linkind stjórnvalda að hleypa sífellt öflugri skipum upp á grunnslóð (kálgarða).
- Fundurinn leggur til að ekkert fyrirtæki eigi meir en 12% samanlagða aflahlutdeild í aflamarki og krókaafلامarki.
- Fundurinn vill að hámarks eignarhlutur einstakra útgerða í krókaafلامarki verði lækkað til að tryggja dreifða eignaraðild og koma í veg fyrir samþjöppun veiðiheimilda.
- Fundurinn telur að skýra þurfi frekar hvað eru tengdir aðilar þegar kemur að kvótæign einstakra fyrirtækja í sjávarútvegi og breyta því viðmiði sem nú er og tild nota sama viðmið og var notað við val á fólki í kjörstjórnir við síðustu kosningar.
- Að stærðarmörkum krókabáta verði ekki breytt, hámarksstærð þeirra fari aldrei yfir 30 tonn. Aðalfundur FSA leggur til að byggðakóti verði notaður við fiskveiðar og sem fyrr að byggðakvóta verði úthlutað sem ívilnun við löndun.

Smábátafélag Reykjavíkur

- Allur fiskur sem veiðist á strandveiðum skal seljast á viðurkenndum fiskmarkaði.
- Allir strandveiðibátar skulu vera í 100% eigu þess sem rær bátnum.
- Grásleppuveiðar skulu svæðaskiptar og veiðiheimildum skipt jafnt á svæðin í hlutfalli við fjölda báta sem stunda veiðarnar. Þetta er til að gæta jafnréttis og sanngirni milli allra byggðarlaga.
- Smábátafélag Reykjavíkur styður áform ráðherra um orkuskipti við strandveiðar að ívilna þeim bátum sem ganga fyrir rafmagni með drifrafhlöðum í stað

jarðefnaeldsneytis. Þá er það skoðun félagsins að ívilnanir eigi einnig að taka til vetnis sem og annarra grænna orkugjafa.

- Smábátafélag Reykjavíkur mótmælir harðlega öllum hugmyndum um aukna sókn togskipa innan 12 sjómílna fiskveiðilandhelginnar. Telji Hafrannsóknastofnun að auka þurfi veiðar á grunnslóð er það tillaga SR að það verði gert með veiðum dagróðrabáta sem nota umhverfisvæn veiðarfæri. SR bendir á að næg sóknargeta er fyrir hendi hjá bátum sem nota kyrrstæð veiðarfæri. Notkun trolls og dragnótar við veiðar nálægt landi skilur eftir sig eyðimörk og fiskleysi á miðum smábáta sem ekki hafa stærðar sinnar vegna möguleika á að sækja á aðrar veiðislóðir.
- Stækkun krókaafلامarksbáta árið 2013 úr 15 brt í 30 brt leiddi til stórfelldrar fækkunar smábáta með aflahlutdeild og þar með minnkandi vægi einyrkja í útgerð. SR lýsir áhyggjum sínum að með frumvarpi ráðherra um orkuskipti, þar sem heimilað verði að stækka krókaafلامarksbáta, verði áfram róið í sömu átt. Það er því óhjákvæmilegt að inn í fiskveiðilögin verði sett ákvæði sem eflir línuívilnun, komið verði á ívilnun við handfæraveiðar og útgerð strandveiðibáta tryggð með 48 veiðidögum. Með slíku ákvæði yrði betur tryggð nýliðun í umhverfisvænni útgerð.

Reykjanes

- Smábátafélagið Reykjanes styður frumvarp Bjarna Jónssonar um aukningu í potta.
- Smábátafélagið Reykjanes kefst frjálsra handfæraveiða.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að strandveiðar verði heimilár í 48 daga án svæðisskiptinga.
- Smábátafélagið Reykjanes hafnar alfarið svæðaskiptingu strandveiðipottsins.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að strandveiðar verði leyfðar á tímabilinu 1.mars til 1.október.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að ufsi verði frjálst við strandveiðar.
- Smábátafélagið Reykjanes fer fram á að leyfilegt verði að virkja VS afla við strandveiðar.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að 50.000 króna gjaldið verði afnumið af veiðileyfi strandveiða.
- Smábátafélagið Reykjanes fordæmir alfarið brottkast og slæma aflameðferð.

- Smábátafélagið Reykjanes er ekki hlynt kvótasetningu á grásleppu.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að línuívilnun gildi fyrir alla dagróðrabáta undir 30 brt. og að línuívilnun verði 30% á landbeitta línu, 20% á uppstokkaða línu í landi.
- Smábátafélagið Reykjanes fer fram á að pottur í línuívilnun í ýsu verði aukinn í samræmi við aukningu á aflaheimildum í ýsu á árinu.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að byggðakvóti verði veiddur af dagróðrabátum undir 15 brt.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til algjört bann við notkun flotvörpu við loðnuveiðar.
- Smábátafélagið Reykjanes krefst þess að veiðigjald verði innheimt af loðnu sem veidd var á nýliðinni loðnuvertíð.
- Smábátafélagið Reykjanes hafnar hugmyndum um veiðar á krókaflamarki með netum.
- Smábátafélagið Reykjanes telur að þörf sé á yfirferð og umræðu vegna þeirra reglugerða sem snúa að togveiðum og afnumdar voru nýlega.
- Smábátafélagið Reykjanes hafnar alfarið aukningu togveiða á stærri skipum nær landi vegna notkunar grænnar orku.
- Smábátafélagið Reykjanes fer fram á að Makrílpottur sem ætlaður er fyrir krókaveiðar á makríl verði opinn strax og makrílvertíð hefst.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að gildruveiðar smábáta á humri verði frjálsar.

Smábátafélagið Strandir

- Aðalfundur Stranda krefst þess að árlega verði tryggðir 48 dagar til strandveiða.
- Dagróðrabátum minni en 30 tonnum og styttri 15 metra verði tryggð línuívilnun. Ívilnun verði 30% þar sem beitt er í landi, 20% við uppstokkun og 10% hjá vélabátum.
- Grásleppuveiðar verði með óbreyttum hætti og dagafjöldi taki mið af leyfilegum heildarafla og markaðsaðstæðum.

Klettur

Strandveiðar

- Smábátafélagið Klettur styður frumvarp ráðherra um svæðaskiptingu kvóta á strandveiðum og verði miðað við fjölda báta á hverju svæði. Opinn pottur stendur í vegi fyrir framþróun strandveiða, t.d möguleikanum á að hafa tímabil strandveiða mismunandi eftir fiskgengd.
- Smábátafélagið Klettur krefst þess að 48 daga kerfi verði lögfest.
- Smábátafélagið Klettur vill að Landsamband smábátæigenda beiti sér fyrir því að eignarhaldsákvæði um strandveiðibáta verði betur fylgt eftir.
- Smábátafélagið Klettur vill að Landsamband smábátæigenda beiti sér fyrir breytingum á reglum um umframafla úr kerfinu, og verði ekki hagnaðardröfinn.

Grásleppuveiðar

- Smábátafélagið Klettur vill að reglum um grásleppuveiðar verði breytt á þann veg að heimilt verði að notast við helming hámarks teinalengdar(3750) metra gegn því að fá tvöfalt fleiri daga til veiðanna en ef full teinalengd(7500) metrar eru notaðir. Samþykkt
- Smábátafélagið Klettur vill að Landsamband smábátæigenda beiti sér fyrir því að virkjun grásleppuleyfa verði auðveldari. Það er alger óhæfa að t.d í kringum páska, þurfi bátar að greiða leyfi á miðvikudegi fyrir páska, vilji þeir hefja veiðar á þriðjudegi eftir páska. Þar sem sífellt eru lagðar á smábátasjómenn meiri kröfur um aukna rafræni í samskiptum, þá ætti Fiskistofa að geta leyst þetta vandamál.

Báran

- Að strandveiðar verði heimilar í 48 daga.
- Að strandveiðar verði leyfilegar frá 1 mars til 31 október.
- Að farsímsamband í Faxaflóa verði stórbætt.
- Að heimilt verði að sleppa lifandi smáfiski.
- Að afladagbækur á pappírformi verði aftur heimilaðar.
- Að Grásleppa verði ekki kvótasett.
- Að 50.000 kr. bryggjugjald verði afnumið.
- Að humarveiðar verði eingöngur leifðar í gildrur þegar þær verða aftur leyfðar.

- Að griðarsvæði fiska á grunnslóð verði bætt með því að banna allar togveiðar fyrir innan 12 mílur.

Sæljón

- Strandveiðar

Strandveiðar verði heimilar frá 1. apríl til 30. september ár hvert. Úthlutanir á aflaheimildum í Byggðakvóta verði ráðstafað inn í strandveiðar. Skipulag veiða verði áfram í einu svæði og einn pottur aflaheimilda. Hverjum bát er heimilt að róa að hámarki 48 daga. Hámarks aflí á dag verður óbreyttur. Heimilt er að róa á öllum dögum vikunnar nema föstudögum og laugardögum.

- Greinargerð

- Mikil umræða hefur verið um öryggi við sjósókn og ber að fagna mikilsverðum árangri í fækkun slysa. En betur má ef duga skal og með því að rýmka það tímabil sem strandveiðar eru stundaðar ár hvert, - veiðarnar hefjist 1. apríl og ljúki 30. Sep. Aukið svigrúm mun tvímælaust bæta öryggi við sjósókn og leiða einnig til meiri hagkvæmni veiða og vinnslu.

- Hinn svokallaða 14 tíma regla við strandveiðar verður afnumin. Í staðin verði 16 tíma regla innleidd. Þetta mun auka hagkvæmni við veiðar.

- Undanþága á veiðiskyldu í alvarlegum veikindum

Stjórn Sæljóns ályktar að Landssamband smábátæigenda óski eftir því að sjávarútvegsráðherra fái heimildir til að geta veitt undanþágu á veiðiskyldu þeirra aðila sem lenda í alvarlegum veikindum eða óhöppum.

- Sérstakt veiðileyfagjald strandveiða

Stjórn Sæljóns skorar á stjórnvöld að fella niður sérstakt gjald á virkjun veiðileyfa við strandveiðar. Afkoma veiðanna býður ekki upp á að þær séu skattlagðar sértaklega umfram gjöld til annarra veiða.

- Greinargerð

- Þetta sérstaka gjald hefur verið lagt á frá upphafi strandveiða. Spurningar vöknudu strax og efasemdir um rættmæti slíkrar gjaldtöku umfram aðrar veiðar. Því er það orðið löngu tímabært að t.d. stjórn Landsambands Smábátæigenda krefjist þess af stjórnvöldum að tekin verði saman nákvæm greinargerð um það hvernig þessum fjármunum hefur verið ráðstafað en ætla má að búið sé að greiða hátt í 300 milljónir í þessa sérstöku gjaldtöku.

- Lokun svæða

Stjórn Sæljóns mótmæli harðlega öllum hugmyndum um lokun svæða fyrir handfæraveiðum

- Hrygningarstopp

Stjórn Sæljóns leggur til að handfæraveiðar verði undanþegnar hrygningarstoppi.

- Grásleppuveiðar

Aðalfundur Sæljóns leggur áherslu á að heimilt verði, án takmarkanna, að landa öllum meðaflla við grásleppuveiðar sem VS- afla. (í Verkefnasjóð sjávarútvegsins)

- Stjórn Sæljóns mótmælir harðlega enn og aftur þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps.

- Greinargerð

- Fjórir æðarbændur nýta varp á litlum hluta þessa svæðis en hafa náð með „lobbýisma“ að koma þessu banni í gegn. Benda má á að athugun fór fram á fjölda æðarfugla sem komu í net, en þessi athugun var framkvæmd af sérstökum eftirlitsaðila utan þeirrar skráningar sem grásleppusjómenn sjálfir skrá. Fundurinn telur að skoða þyrfti breytingar á skipulagi grásleppuveiða er gengu út á það að öll landsvæði byrjuðu veiðar á sama tíma. Þá telur fundurinn að Landssamband smábátaeigenda eigi að þrýsta á að hrognakaupendur gefi út verð sín viku áður að vertíð hefjist.

- Stjórn Sæljóns leggur eindregð til að breytingar verði gerðar á skipulagi grásleppuveiða: Bátar eigi kost á að taka upp net í brælutíð án þess að dagafjöldi þeirra til veiða verði skertur.

- Humarveiðar í gildrum samhliða þróun á veiðum, vinnslu og markaðsetningu grjótkrabba

Aðalfundur Sæljóns vill kanna möguleika þess að heimila humarveiðar í gildrum í Faxaflóa samhliða veiðileyfi á grjótkrabba. Einnig skorar fundurinn á stjórnvöld að huga alvarlega að skaðsemi trollveiða á humri á lífríki sjávar. Út frá rannsóknum á skaðsemi trollveiða liggur það í augum uppi að ekki verði hægt að bjóða náttúrunni upp á slíkar aðfarir til lengdar. Humarveiðar í gildrum lágmarkar áhrif á lífríki hafsins og eykur nýtingu auðlindarinnar til muna.

- Aðalfundur Sæljóns mótmælir harðlega reglugerðabreytingu um fjölda gilda í 2000 pr. bát.

- Greinargerð

- Grjótkrabbi er ný nytjategund innan veiðilögsögu Íslands og finnst hann nú í miklu magni í Faxaflóa. Ljóst er þó að löng og kostnaðarsöm þróunarvinna er framundan í veiðum, vinnslu og markaðssetningu á grjótkrabba áður en nýting á honum verði arðbær. Ómögulegt er fyrir smábátaeigendur að standa straum af kostnaði við slíka þróunarvinnu. Með því að heimila humarveiðar í gildrum upp að vissu marki samhliða veiðum á grjótkrabba væri hægt að dekkja hluta þess kostnaðar og hvetja útgerðarmenn til frekari þróunarvinnu við nýtingu á grjótkrabba, sem í framtíðinni yrðu sjálfbærar og umhverfisvænar veiðar.

- Á Akranesi hefur nú verið landað um 100 tonnum af grjótkrabba á síðustu misserum af tveimur bátum. Þetta er í fyrsta skipti sem eitthvað kveður að veiðum og mikilvæg reynsla fengist á m.a. hvernig lífríkið bregst við áreiti veiðanna.. Skipstjórar hafa komið þessari reynslu á framfæri við fulltrúa Hafrannsóknarstofnunar á sérstökum fundi.
- Að auka leyfilegan gildrufjölda nú úr 500 í 2000 gildir pr. bát er galin.
- Bann við veiðar í dragnót
Stjórn Sæljóns leggur til að veiðar með dragnót í Faxaflóa verði bannaðar - innan línu úr Garðskaga í Malarrif.
- Afla- og krókaafلامark
Stjórn Sæljóns hafnar öllum hugmyndum um sameiningu aflamarks- og krókaafلامarks.
- Umhverfisáhrif veiðarfæra
Stjórn Sæljóns skorar á umhverfisráðherra, að beita sér fyrir því að gert verði umhverfismat á áhrifum veiðarfæra sem heimilt er nota á Íslandsmiðum á sjávarbotn og lífríki sjávar.